

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags skipstjórnarmanna

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags skipstjórnarmanna, þriðjudaginn 17. október 2017, kl. 14:00, að Borgartúni 30.

Mætt voru: Frá FS Árni Sverrisson og Karl Einar Óskarsson. Frá SNS Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

#### 1. Staða starfsmats

Með gildandi kjarasamningi var samið um að röðun starfa í launaflokka verði samkvæmt niðurstöðu starfsmatskerfisins SAMSTARF frá 1. júní 2018. Fram til þess tíma fer um röðun starfa samkvæmt sérákvæði samningsins.

Fyrir liggur að mat á störfum skipstjórnarmanna mun dragast eitthvað vegna mikils álags á Verkefnastofu starfsmatsins, jafnvel fram yfir 1. júní 2018.

#### 2. Úrvinnsla bókarar 2 [2016] um mat á styttri starfstengdum námskeiðum

Með kjarasamningi aðila árið 2016 fylgir svohljóðandi bókun:

##### **Úrvinnsla bókarar 2 [2016] um mat á styttri starfstengdum námskeiðum**

Aðilar eru sammála um að taka fyrstu skrefin í að meta styttri námskeið til launa og fela samstarfsnefnd að útfæra hvernig það verður gert.

Aðilar eru sammála um að við útfærsluna verði horft til samanlagðra kennslustunda en ekki einstakra námskeiða og geti veitt starfsmönnum allt að 2% persónuálag.

Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. febrúar 2017 og taka breytingarnar gildi frá og með þeim tíma.

Samstarfsnefndin fór yfir lista af námskeiðum sem starfsmönnum sveitarfélaga sem aðild eiga að FS stendur til boða. Samstarfsnefndin munu skoða listann nánar milli funda.

Fleira ekki gert, fundi slitið.